

Kvartmíluklúbburinn

Kvartmíluklúbburinn var stofnaður 6.júní 1975, og var stofnfundurinn haldinn fyrir fullu húsi í Laugarásbío

Bílasýningar voru haldnar í Laugardalshöllinni fyrst. Á árunum 1975 til 1979 var verið að undirbúa byggingu fyrir kvartmílubrautina í Hafnarfirði og peningurinn sem kom úr því að halda sýningarnar fór í að byggja brautina. Brautin var byggð í Kapelluhrauni sunnan Hafnarfjarðar. Byrjað var að byggja brautina 1978 og lokið var við hana árið 1979 og var fyrsta keppni áætluð 28. október sama ár. Þann 28 október var 20 cm snjór og hélt bara áfram að snjóa og var ákveðið að fresta keppninni þar til næsta vor. Það var síðan vorið 1980 sem brautin var formlega opnuð og byrjað var að keppa

Í kringum árið 2008 byrjaði ég, pabbi og frændur mínir að mæta með Mustanginn okkar þarna og höfum við farið árlega síðan þá. Við höfum unnið nokkrum sinum en aðallega er þetta bara upp á gamanið og sjá hvað maður getur náð út úr þessu. Gaman er að setja sér markmið um tíma og reyna svo að ná honum. Í fyrra var byrjað á því að bæta við brautina og voru miklar framkvæmdir hafnar, þar að leiðandi bættist við hringakstursbraut og nýtt félagsheimili. Fjöldi fólks byrjaði að mæta og fleiri keppendur bættust við. Drift keppnir voru haldnar í byrjun sumars og var það mikill munur fyrir klúbbinn. Hringakstursbrautin var lítið notuð þar sem að voru aðallega bara drift keppnir. Það var ekki fyrr enn Porsche kom með nýju bílana sína að fá að prófa sem byrjaði fólk að mæta og voru fleiri keppnir haldnar. Keppnir eru enn haldnar í dag og eru þær miklu fleiri, margir frægir og hrikalegir bílar eru núna fyrst að byrja á því að koma á brautina. 7 júní í fyrra kom Fire Force 3 bíll, hann er knúinn með vél úr herpotu og er hrikalegur hávaði í honum og mikill eldur. Hann er 10.000 hestöfl, en venjulegur fjölskyldubíll er bara 150-200 hestöfl. Í fyrrasumar kom frægur drift maður með sinn sérútbúinn bíl upp á braut og voru hundruðir áhorfenda, boðið var upp á að fara hringi með honum og var þetta frábær upplifun. Sjálfur fór ég þarna til að sjá hann og var þetta mjög flott að sjá.

Klúbburinn hefur þróast ótrúlega frá 1975 til dagsins í dag og heldur hann ennþá að þróast nú til dags. Aðaltilgangurinn með brautinni var að koma öllum keppnum og hættum af götunum og inn á öruggt svæði þar sem þetta var leyfilegt

Hrannar Orri 10. SKB

Heimildir:

<http://kvartmila.is/>